# Viðaukablað við 12. bl. Ganglera 31. marz 1900.

lögðum Cedrusviði. Forðyrið var 20 áln. l. og 10 áln. breitt (eins og G. T. húsið). Sitt hvorumegin við dyrnar voru 2 eirsúlur, er nefndar voru Jakin og Bóas. Útskornar og gulllagðar vængjahurðir tvær, úr alviði; voru fyrir dyrum hins allra helgasta og hins heilaga og í því (h. heil.) stóð reykelsisaltarið, allt úr gulli, sömul. 10 ljósastjakar og 10 skoðunarbrauðsborð, hvorttveggja úr gulli. Útaf suður- vestur- og norðurhliðum M. voru þrílyptar hliðarbyggingar, með mörgum herbergjum, sem höfðu að geyma helgadóma musterisins, gripi þess og gersemar, þar á meðal: skálar, ýbollar og dreypiker, er til dreypifórnar voru höfð, liljur úr ljósastjökunum, ljósasöx og skarpönnur, sem ljósunum fylgdu, ótalmörg borð úr belgþornsviði, bikarar, hnífar, reykker, katlar, sleifar og soðkrókar, skarbítur og skoðunarbrauðskökur. Gaman hefir verið að vera meðhjálpari þá og mega rísla sér innan um allt þetta gullstáss og gersema hrúgaldur. Umhverfis M. voru 2 forgarðar; ytri forgarðurinn miklu stærri, því hann var ætlaður lýðnum, en innri forgarðurinn prestunum. Í honum stóð meðal annars brennifórnaraltarið, úr eiri, 20 áln. l. 20 áln. br. og 10 áln. hátt; ennfremur var í þessum forgarði (innri) ákaflega stórt ker, sem kallað var hafið, það var kringlótt, 10 áln. frá einum barmi til annars, 5 áln. djúpt og 30 áln. löng snúra náði í kringum það. Það stóð á 12 nautum úr eiri, samsteyptum við kerið og náðu þau 10 áln. inn undir botn. þess; sneru þrjú þeirra höfðum í hverja fjóra áttir. Þykktin á þessum bolla var þverhönd og eins og bikar í lögun. Loks voru þar 10 mundlaugar úr eiri til þess að skola í þeim það, sem heyrði til brennifórnunum, en hafið var notað til þvottar fyrir prestana. Þó að allmikið hafi nú í M. verið borið, að því er skart og skraut snerti, hefir stærð þess ekki verið neitt ógileg eða undraverð, þegar hún er borin saman við stærð hinna risavöxnu bygginga á seinni tímum, einkum nú á dögum í stórborgum heimsins. En á þeim dögum litu Gyðingar til þessarar byggingar, undr-

fullir eins og þeir, sem engan almennilegan kofa eiga, líta nú forviða og frá sér numdir á það, að reistur er 30 áln. l. þrílopthlaður pakkhúskofi, þar sem mestur er skortur á salernum fyrir fjöldina; því í Gyðingalandi gat eigi að líta mikilfenglegra hús um þá daga, enda voru þeir mjög hreyknir af því; en þeir áttu ekki lengi því láni að fagna, að njóta hússins lengi, með öllu skartinu og skrautinu, sem í það var borið, því hérumbil 30 árum síðar en húsið var fullbyggt og vígt til guðsþjónustu, rændu Egyptar það og rupluðu því sem þeir náðu og síðan var það saurgað og svívirt með afguðadýrkun og allskyns ódæði. Árið 588 f. Kr. brenndu Babýloníumenn það, eyðilögðu sáttmálsörkina og rændu það gripum þess og gersemum. Þegar Kýros fékk leyfi til að flytja hina herleiddu Gyðinga heim til ættlands síns, úr herleiðingunni miklu 537 árum f. Kr. og þeir voru heim komnir, var það ætíð hið fyrsta verk þeirra að byggja M. upp aptur í annað sinn, á sama stað og hitt hafði staðið og var því verki lokið og húsið vígt 516 árum f. Kr., en miklu var það minna og óásjálegra en hið fyrra hafði verið. Í hið allrahelgasta höfðu þeir nú ekkert að láta, því öllu var búið að stela og ræna frá þeim, sem í því hafði áður staðið. Hérumbil 350 árum síðar var M. enn rænt og ruplað af Antiokkusi Epifanes konungi frá Sýrlu, en Júdas Makkabeus lét hreinsa það og lagfæra að nokkru aptur 165 árum f. Kr. og vígja það til guðsþjónustu. Þegar hérumbil 500 ár voru liðin frá því að M. var byggt í annað sinn (frá heimkomu Gyðinganna úr herleiðingunni að telja) lét Heródes mikli byggja það að mestu leyti upp að nýjum stofni og breyta því talsvert með mikilli viðhöfn; er það venjul. talin hin þriðja bygging þess og stóð hún um langan tíma. Það var úr skínandi hvítum marmara og 100 áln. á hæð um miðjuna. Á austurhlið þess var anddyri 100 áln. breitt eða nokkurskonar skáli fram af aðalhúsinu, en að öðru leyti var stærð

þess að innan og annað fyrirkomulag, líkt Salómonsmusterinu gamla. Hið allra helgasta var ávalt tómt; en í hinu heilaga stóð reykelsis altarið, og skoðunarbrauðsborðið og þarna stór ljósastjaki með sjö ljósapípum. Umhverfis M. þetta voru fjórir forgarðar, sá innsti fyrir blessaða prestana, svo annar fyrir karlm., þá sá þriðji fyrir kvinnurnar og sá ysti fyrir heiðingjana og inn í hann máttu allir koma. En hingað og ekki lengra, því þar stóð ritað á grísku og latínu stóru letri, að heiðingjar og óhreinir Gyðingar mættu ekki ganga lengra inn eða nær helgidóminum. Hafa þeir og sjálfsagt gjört sig ánægða með það, því í þessum forgarði voru reistar ótal sölubúðir fyrir þá, er seldu og keyptu dúfur eða önnur dýr til slátrunar og síðan til fórnfæringar á ölturum musterisins og fyrir þá er víxluðu peningum o. s. frv. Við bygginu musteris þessa var lokið 64 árum e. Kr. (sama árið, sem Pétur og Páll, postular, urðu píslarvottar); en aðeins 6 árum seinna, þegar Jerúsalemsborg var umsetin af óflýjanda óvinaher, ~~og~~ yfirunnin, var það brent til kaldra kola. Þar sem musteri þetta stóð, stendur nú tyrkneskt bænahús, sem í fyrstu var byggt árið 644 e. Kr. og hafa tyrkneskir Muhameðs trúarmenn tilbeðið þar og tignað guð sinn til þessa tíma; en spádómur sá, er Kr. spáði fyrir um eyðileggingu Jerúsalemsborgar og musterisins er hann sagði: „Sannl. segi eg yður hér mun ekki steinn yfir steini standa, sá er eigi verði niðurbrotinn,“ hefir eflaust komið fyr og á fullkomnari hátt fram en Gyðingar hugðu, er þeir heyrðu hann. En hverju var það að kenna? Gyðingunum sjálfum, sundurlyndi þeirra og samtakaleysi þegar á þá var ráðist, en það kom aftur af gjörspiltum hugsunarhætti alþýðunnar sem trúði hálfri trú á prestahöfðingjana og Faríseana sem alla tíð verður viðbrugðið fyrir hræsni og mannvonsku.